

ÁRSSKÝRSLA



ÍÞRÓTTABANDALAG **REYKJAVÍKUR**

2011

45. ÁRSÞING ÍBR

SKÝRSLA STJÓRNAR

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni stjórnar og skrifstofu ÍBR starfstímabilið 2009-2010 auk ársreikninga fyrir þessi tvö ár. Þessi yfirlit er auðvitað ekki tæmandi en gefur þó glögga mynd af starfinu, kjarnastarfsemi sem og einstökum verkefnum sem unnið hefur verið að á starfstímabilinu.

STJÓRN OG STARFSFÓLK ÍBR 2009-2010

Á þingi ÍBR þann 28. febrúar 2009 voru eftirtaldir kjörnir í framkvæmdastjórn og varastjórn ÍBR:

Ingvar Sverrisson, formaður

Gígja Gunnarsdóttir

Jónas Sigurðsson, ritari

Lilja Sigurðardóttir, gjaldkeri

Viggó H. Viggósson

Þórdís Gísladóttir

Örn Andrésson, varaformaður

Guðrún Ósk Jakobsdóttir, varastjórn

Haraldur Baldursson, varastjórn

Starfslið ÍBR á starfstímabilinu var þannig skipað:

Anna Lilja Sigurðardóttir

Brynja Guðjónsdóttir

Frímann Ari Ferdinandsson, framkv.stjóri

Kjartan F. Ásmundsson

Steinn Halldórsson

Svava Oddný Ásgeirsdóttir

Þórður D. Bergmann

STYRKIR VEGNA ÆFINGA OG KEPPNI

Heildarúthlutun á styrkjum til æfinga og keppni vegna árána 2009–2010 var 2.125 milljónir króna. Þessi fjárhæð skiptist þannig (milljónum króna):

	2009	2010
Mannvirki félaga	354,1	321,5
Mannvirki borgarinnar	275,5	255,6
Egilshöll	248,4	258
Laugardalshöll	173	178
Önnur mannvirki	30	93

Aðildarfélög ÍBR eru 70 talsins og þjónustar ÍBR þau varðandi ýmis málefni. Eitt stærsta málefnið er æfingatímaúthlutun til íþróttafélaga í íþróttamannvirkjum Reykjavíkurborgar, íþróttasölum skóla og íþróttamannvirkjum félaga. Mannvirkin eru breytileg og spanna íþróttasali, sundlaugar, skautasvell og gervigrasvelli.

Fyrir tímabilið 2010-2011 var gerð tilraun um vorið 2010 með að óska óvenju snemma eftir upplýsingum frá félögum er varðar tímaúthlutun til þeirra. Það gekk nokkuð vel að fá upplýsingarnar og í kjölfarið var úthlutað æfingatímum til félaganna snemma

sumars. Það fyrirkomulag hentar félögunum betur en þá hafa þau rýmri tíma til að koma betur undirbúin fyrir haust- og vetrarstarfið. Þetta er þó eins og áður háð fyrirvara frá grunnskólunum sem geta í flestum tilfellum ekki staðfesta sínar töflur fyrr en undir lok ágústmánaðar. Í framhaldinu mun ÍBR hafa sama háttin á og óska eftir umsóknum félaganna í apríl til að geta sent þeim tímanlega sína niðurröðun í íþróttamannvirkjum borgarinnar.

Eftir að æfingar byrja hjá félögunum að hausti hefst tímaúthlutun fyrir leiki allra flokka, mót og sýningar hjá félögunum. Að lokum þarf að koma fyrir stórum úrslitamótum og sýningum sérsambanda ásamt landsliðsæfingum og landsleikjum. Tímaúthlutun tekur sífelldum breytingum yfir allt tímabilið og oft er kúnt að uppfylla óskir félaganna en allt gengur þetta upp að lokum.

Aðrir aðilar, eins og félög utan Reykjavíkur og félagasamtök, eru einnig að óska eftir tímum fyrir æfingar, keppni og aðra viðburði allt tímabilið. Utanumhald og framkvæmd við úthlutun tíma til íþróttafélaga, sérsambanda, félaga utan Reykjavíkur, annarra félagasamtaka og útleiga til hópa er töluverð vinna og fer sú vinna fram meirihluta ársins í umsjá tveggja starfsmanna skrifstofunnar.

GETRAUNIR-GETSPÁ

Tekjur frá Íslenskum getraunum og Getspá, fyrirtækjum íþróttahreyfingarinnar, eru mikilvægur þáttur í tekjuöflun íþróttafélaganna.

Samkvæmt reglum Getrauna bera þeir mest úr bítum sem selja mest þ.e. þeir fiska sem

róa. Á árunum 2009 og 2010 voru tekjur íþróttafélaganna í Reykjavík af getraunasölu 54,8 millj.kr. Samkvæmt lögum um Getraunir skal skipta milli héraðssambanda út svokölluðum 3% potti miðað við sölu aðildarfélaga þeirra. ÍBR fékk skv. þessari reglu 18,2 millj. kr fyrir árin 2009 og 2010.

Á tímabilinu 2009-2010 var úthlutaður tekjuafgangur af Íslenskri getspá (Lottóhagnaður) 99,0 millj.kr.

Þegar arði frá Íslenskri getspá er úthlutað skiptir miklu máli hvort héraðssambönd eru aðilar að bæði ÍSÍ og UMFÍ eða aðeins ÍSÍ. Þeir sem eru aðilar að báðum samtökunum fá úthlutað lottóhagnaði frá báðum aðilum meðan t.d. ÍBR sem er aðeins aðili að ÍSÍ fær minni úthlutun af þeim sökum að vera ekki aðili að UMFÍ. Þetta misrétti höfum við reynt að fá leiðrétt á liðnum árum t.d. með því að fá aðild að UMFÍ eða að ÍSÍ og UMFÍ leggðu allan lottóhagnaðinn frá Getspánni í einn pott sem úthlutað yrði úr miðað við íbúafjölda á viðkomandi svæði.

Söluhæstu Reykjavíkurfélög Íslenskra getrauna í þúsundum króna talið:

Félag	2009	2010	Samtals
Íþróttafélag fatlaðra	9.381	9.363	18.744
Knattspyrnufélagið Víkingur	2.483	2.394	4.876
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	2.050	1.680	3.730
Íþróttafélagið Fylkir	1.331	1.522	2.853
Knattspyrnufélagið Fram	1.560	1.125	2.686
Knattspyrnufélagið Valur	1.045	1.189	2.234

Íþróttafélag Reykjavíkur	1.061	991	2.052
Ungmennafélagið Fjölnir	372	278	651
Knattspyrnufélagið Þróttur	303	257	560
Íþróttafélagið Leiknir	165	158	323

Tennis og badmintonfélag Rvk. Valur	1.504	1.635	3.139
Vélhjólaiþróttaklúbburinn Víkingur	169	173	342
Pórshamar Þróttur	3.142	3.427	6.569
	373	380.	754
	2.534	2.727	5.262

Yfirlit yfir skiptingu Lottótekna 2009-2010 í þúsundum króna talið:

Félag	2009	2010	Samtals
Aikikai		169	169
Ármann	5.371	5.811	11.181
Björninn	1.249	1.386	2.635
Brokey	143	156	299
Dansfélag Rvk.	838	903	1740
Dansfélagið Ýr	183	185	369
Fákur	375	562	937
Fjölnir	4.669	5.208	9.877
Fram	2.823	3.102	5.925
Fylkir	3.621	3.988	7.609
Golfklúbbur Rvk.	556	603	1.159
Hjólreiðafélag Rvk.	151	163	314
Hnefaleikafélag Rvk.		230	230
Hnefaleikafélagið Æsir		203	203
ÍR	5.146	5.623	10.769
Íþróttafélag fatlaðra	1.177	1.299	2.477
Íþróttafélagið Ösp	1.177	1.299	2.477
Júdófélag Rvk.	274	292	566
Kajakklúbburinn	153	165	319
Karatefélag Rvk.	225	233	459
Keilufélag Rvk.	142	157	299
Kjalnesingar	434	464	899
Klifurfélag Rvk.	235	249	484
KR	3.970	4.319	8.289
Leiknir	501	537	1.038
Skautafélag Rvk.	1.272	1.391	2.664
Skotfélag Rvk.	150	150	300
Skvassfélag Rvk.	150	150	300
Skyldingafélag Rvk.	347	352	699
Sundfélagið Ægir	667	726	1.393

SAMNINGAR VIÐ FÉLÖG

Í árslok 2010 runnu út samstarfssamningar Reykjavíkurborgar, ÍBR og 21 félags innan ÍBR. Á fyrri hluta ársins höfðu fulltrúar ÍBR og félaganna unnið mikla vinnu við að leggja drög að nýjum samningum og var þeim skilað til borgarinnar á vordögum. Til stóð að klára nýja samninga fyrir kosningar en það tókst ekki.



Við gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar fyrir árið 2011 var gert ráð fyrir 6% niðurskurði milli áranna 2010 og 2011 á þeim þáttum sem lúta að rekstri félaganna sjálfra. Að auki var ákveðið að hætta stuðningi við íþróttaskóla 6 og 7 ára barna sem félögin hafa staðið fyrir á starfstíma frístundaheimila. Þá var og ljóst að hækkun orkuverðs myndi koma sér illa fyrir rekstur mannvirkja. Skerðing styrkja til þessa starfs á undanförunum tveimur árum hefur einnig verið umtalsverð eða 4,4% árið 2009 og 16,7% árið 2010. Samkvæmt samstarfssamningum átti einnig að fjölga styrkhæfum vikum um 6 til að skapa betri grundvöll til að reka mannvirkin í sem næst heilt ár. Það var ekki gert sem þýðir um 13% skerðingu hvort ár.

Þegar ljóst var að ekki ynnist tími til að gera nýja samninga fyrir ármót auk þess sem lítil

grundvöllur var til að vænta að hægt væri í það minnsta að uppfylla eldri samninga var brugðið á það ráð að framlengja eldri samninga með einum samningi við ÍBR f.h. félaganna. Greiðslur færu því allar til ÍBR sem sæi síðan um að koma fjármunum áfram til félaganna. ÍBR gerði svo greiðslusamninga við félögin vegna ársins 2011.

FERÐASTYRKIR OG STYRKIR TIL SÉRRÁÐA

Styrkir Reykjavíkurborgar vegna ferðastyrkja og reksturs sérráða vegna árunna 2009 – 2010 voru 43,7 milljónir króna. Greiðslur til félaganna vegna ferðastyrkja voru 34,3 millj. og til sérráða 9,4 millj.



SLYSTRYGGINGASJÓÐUR

Bætur úr sjóðnum árin 2009 og 2010 voru kr. 322.000. Bankainnistæða Slysstryggingasjóðsins var í árslok kr. 47.456.000.-.

VERKEFNASJÓÐUR

Verkefnasjóður ÍBR er sjóður til styrktar útbreiðslu og átaksverkefnum í íþróttastarfi í Reykjavík. Úthlutun skal sérstaklega taka mið af barnastefnu ÍBR og jöfnum möguleika allra til íþróttaiðkunar. Úthlutað var úr sjóðnum kr. 1.715.000,- á árunum 2009-2010. Eftirfarandi verkefni hlutu stuðning sjóðsins:

2009

Verkefni

SR

Íshokkíkyrning í Kringlunni

ÍR

Frjálsíþróttakyrning fyrir 12-16 ára

Klifurfélag Reykjavíkur

Jósepsdalur Boulder

Skautafélag Reykjavíkur

Stúlknaþokki - átak

Víkingur

Skíði – Fjölskylduvæn íþrótt

Þróttur/Ármann

Sumarstarf almenningseildar

Tennisnefnd ÍBR

Námskeið með erlendum þjálfara

Hafna- og mjúkboltaf. Rvk.

Kynningarátak

<u>2010</u>	<u>Verkefni</u>
ÍR	Aðgerðaráætlun gegn einelti
Klifurfélag Reykjavíkur	Reykjavík Boulder
Fylkir	Sportklúbbur Árbæjar
Skautafélag Reykjavíkur	Menntun þjálfara í samhæfðum skautadansi
KR	KR-ingurinn
Fram	Almenningsíþróttadeild í Grafarholti
Víkingur	Almenningsíþróttadeild
ÍR	Færanlegur keilubúnaður til kynningar í skólum
Fylkir	Efling yngriflokkastarfs í blaki

KÖNNUN Á STYRKVEITINGUM SVEITARFÉLAGA TIL ÍÞRÓTTASTARFS

Styrkveitingar sveitarfélaga til íþróttastarfs eru mjög mikilvægur þáttur í starfi hvers íþróttafélags. Á síðastliðnum árum hefur Íþróttabandalag Reykjavíkur gefið út skýrslur um styrkveitingar sjö sveitarfélaga á landinu. Markmiðið er að kanna hvar félögin í Reykjavík standa í samanburði við félög í öðrum sveitarfélögum. Skýrslan hefur fengið

góða umfjöllun og í ljós hefur komið að Reykjavík stendur vel á sumum sviðum en ekki eins vel á öðrum.

Á heildina litið þá eru öll sveitarfélögin að undanskildum Reykjanesbæ að leggja meira fé til æfinga- og keppnisstyrkja á árinu 2008 en árinu 2006 og hleypur hækkunin á tugum prósentu í flestum tilvikum. Í samanburði við önnur sveitarfélög virðist Reykjavíkurborg hafa sótt nokkuð á önnur sveitarfélög varðandi veitt fjármagn í framkvæmdir á íþróttamannvirkjum en betur má ef duga skal því það verður að hrósa Kópavogi, Akureyri og sérstaklega Hafnarfirði fyrir að veita miklu fé til íþróttamála á árinu 2008. Á heildina litið þá hafa rekstrarstyrkir hækkað um tugi og alveg upp í hundruði prósentu í tilviki Reykjavíkur, Garðabæjar og Kópavogs. Garðabær og Hafnarfjörður veita langmestu fé í afreksstyrki og þar stendur Reykjavíkurborg vægast sagt illa. Akureyri, Hafnarfjörður, Kópavogur og Reykjanesbær sækja í sig veðrið í ferðastyrkjunum og hafa hækkað mun meira hlutfallslega heldur en í Reykjavík. Gagnvart æfingagjaldastyrkjum, eins og frístundakortinu, þá stóðu Reykjavík, Garðabær og Hafnarfjörður best fyrir árið 2008.

Eins og fram hefur komið er samanburður á milli sveitarfélaga erfiður og sjálfsagt hægt að færa rök fyrir því að í einhverjum tilfellum sé hann ekki sanngjarn vegna aðstæðna eða ósamræmis í upplýsingum. Engu að síður gefur þessi könnun sterkar vísbendingar um hver staða mála er varðandi styrki þessara sveitarfélaga til íþróttamála.

ÍPRÓTTAMANNVIRKI

Ekki hafa mörg ný íþróttamannvirki verið tekin í notkun á síðustu tveimur árum en þó stóð það upp úr að samningar tókust um rekstur og nýtingu Egilshallarinnar en lengi vel ríkti óvissa um það hús. Í Egilshöllinni fara m.a. fram æfingar í knattspyrnu, skautum og fimleikum. Einnig var Mesthúsið, Fylkissel, í Norðlingaholtinu tekið undir íþróttastarf Fylkis en þar fara m.a. fram fimleikaæfingar. Auk þessa hafa nokkur íþróttafélög gert rekstrarsamninga við Reykjavíkurborg gagnvart íþróttahúsum borgarinnar: Laugarbóli (Ármann og Þróttur), Dalhúsum (Fjölnir), Seljaskóla (ÍR) auk Austurbergs en fyrirhugað er að ÍR taki þar yfir reksturinn 1. ágúst á þessu ári.

SKAUTAHÖLLIN

Starfsemin hefur einkennst af aðstæðum í landinu. Til þess að forðast að illa færi þá hefur markvisst verið dregið úr kostnaði, viðhaldi og nýframkvæmdum. Ekki hefur orðið aukning í komum almennings á svellið, skólahópum hefur fækkað og ekki er fjölgun í æfingatímum. Verðhækkun á aðgangseyri í haust hjálpaði tímabundið en orkukostnaðarhækkanir síðustu mánuði síðasta árs eru þegar búnar að éta þær upp. Lækkanir á framlögum Reykjavíkurborgar til starfseminnar og frekari hækkunir á orkukostnaði gera það að verkum að enn mikilvægara er að vera vel á verði og leita úrræða til frekari sparnaðar.

HÚS ÍBR

Húsnæði Íþróttabandalags Reykjavíkur var byggt árið 1961. Þó að ekki hafi á þeim tíma sem húsið var byggt verið skylda að hafa í því lyftu þá má segja að það sé ekki forsvaranlegt að fatlaðir komist ekki á skrifstofu bandalagsins.

Nú hefur endurhæfingarstöð tekið á leigu 2. hæð húss ÍBR og helming 1. hæðar. Hinn helmingur 1. hæðar verður leigður undir Afreksíþróttamiðstöð þar sem hefja á starfsemi í haust. Til að uppfylla öll skilyrði vegna endurhæfingarstöðvarinnar þurfti að tryggja aðgengi fatlaðra að aðstöðunni. Besti kosturinn var talinn vera að byggja lyftu- og stigahús vestan við hús 1 og sunnan við hús 2 sem þjónar þá báðum húsum en einnig vantar lyftu við hús 2.

Samkvæmt úttekt verkfræðinga var þörf á að styrkja húsin vegna þess að afstífung þeirra gagnvart jarðskjálftaálagi er ófullnægjandi. Að hluta til dugar bygging lyftu- og stigahússins til að leysa það en best væri ef einnig væru settir stálkrossar á húsin.

Að þessum forsendum gefnum var því tekin ákvörðun um að fara í það verkefni með ÍSÍ og Getraunum, sem eiga hús 2, að byggja lyftu- og stigahús við húsin. Stefnt er að því verkinu ljúki í júní.

Samhliða tilfærslu skrifstofu ÍBR milli hæða vegna útleigu 1. og 2. hæðar var farið í endurbætur á húsnæðinu að innan. Þriðja hæð hússins hafði lítið viðhald fengið í gegnum árin og þurfti því að taka hana nokkuð vel í gegn. Einnig var farið í nokkrar

breytingar á hinum hæðunum að ósk leigutaka.

Framvegis verður gengið inn í húsið að sunnanverðu en inngangi að norðanverðu verður lokað. Í framtíðinni er svo hugmyndin að aðalinngangur Íþróttamiðstöðvarinnar verði sunnamegin þannig að öll umferð kemur inn í miðstöðina um einn og sama innganginn en ekki þrjá eins og er í dag.

ÍÞRÓTTAMAÐUR REYKJAVÍKUR 2009

Íþróttamaður Reykjavíkur árið 2009 var Ásdís Hjálmsdóttir frjálsíþróttakona úr Glímufélaginu Ármanni. Ásdís fékk til varðveislu farandbikar og eignarbikar ásamt 150.000 kr. styrk frá ÍBR af þessu tilefni. Ásdís var í 22. sæti á heimslistanum í spjótkesti, sem er 14 sætum ofar en árið áður og besti árangur Norðurlandabúa fyrir árið 2009.

Auk hennar voru eftirtaldir tilnefndir og fengu auk þess styrk frá stjórn ÍBR að upphæð kr. 50.000-:

- Anna Soffía Víkingsdóttir, júðókona úr Ármanni
- Ásgeir Sigurgeirsson, skotíþróttamaður úr Skotfélagi Reykjavíkur.
- Eyþór Þrastarson, sundmaður úr Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík.
- Guðmundur Stephensen, borðtennismaður úr Víkingi.
- Helga Margrét Þorsteinsdóttir, frjálsíþróttakona úr Ármanni.
- Jakob Jóhann Sveinsson, sundmaður úr Sundfélaginu Ægi.
- Katrín Jónsdóttir, knattspyrnukona úr Knattspyrnufélaginu Val.

- Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona úr Knattspyrnufélagi Reykjavíkur.
- Sonja Sigurðardóttir, sundkona úr Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík.
- Þormóður Jónsson júðómaður úr Júðofélagi Reykjavíkur.

ÍÞRÓTTAMAÐUR REYKJAVÍKUR 2010

Íþróttamaður Reykjavíkur árið 2010 var Ásdís Hjálmsdóttir frjálsíþróttakona úr Glímufélaginu Ármanni, annað árið í röð. Ásdís fékk til varðveislu farandbikar og eignarbikar ásamt 150.000 kr. styrk frá ÍBR af þessu tilefni. Ásdís kastaði spjótinu lengst 60,72 metra sumarið 2010 sem gaf henni 1082 stig samkvæmt stigatöflu IAAF og 23. sæti á heimsafrekaskrá í greininni. Ásdís keppti á fjórum Demantamótum IAAF síðastliðið sumar og varð í 4.-6.sæti í þeim. Þá komst hún í úrslit á Evrópumeistaramótinu í Barcelona þar sem hún endaði í 10.sæti og sigraði auk þess í Evrópubikarnum.

Auk hennar voru eftirtaldir tilnefndir og fengu auk þess styrk frá stjórn ÍBR að upphæð kr. 50.000-:

- Ásgeir Sigurgeirsson, skotíþróttamaður úr Skotfélagi Reykjavíkur
- Brynjar Jökull Guðmundsson, skíðamaður úr Knattspyrnufélaginu Víking
- Guðmundur Ágúst Kristjánsson, golfari úr Golfklúbbi Reykjavíkur
- Helga Margrét Þorsteinsdóttir, frjálsíþróttakona úr Glímufélaginu Ármanni

ÁRSSKÝRSLA ÍBR 2011

- Hrafnhildur Skúladóttir, handknattleikskona úr Knattspyrnufélaginu Val
- Jakob Jóhann Sveinsson, sundmaður úr Sundfélaginu Ægi
- Sigurbjörn Bárðarson, knapi úr Hestamannafélaginu Fáki
- Ragna Ingólfadóttir, badmintonkona úr Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur
- Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona úr Knattspyrnufélagi Reykjavíkur
- Þormóður Jónsson, júdómaður úr Júðofélagi Reykjavíkur

Íþróttamenn Reykjavíkur 1979 - 2010

Ár	Nafn	Grein	Félag
1979	Guðmundur Sigurðsson	Lyftingar	Ármann
1980	Steinunn Sæmundsdóttir	Skíði	Ármann
1981	Marteinn Geirsson	Knattspyrna	Fram
1982	Páll Björgvinsson	Handknattleikur	Víkingur
1983	Guðrún Fema Ágústsdóttir	Sund	Ægir
1984	Bjarni Friðriksson	Júdó	Ármann
1985	Sigurður Pétursson	Golf	GR
1986	Guðmundur Guðmundsson	Handknattleikur	Víkingur

1987	Pétur Ormslev Haukur Gunnarsson	Knattspyrna	Fram
1988	Bjarni Friðriksson	Frjálsar íþróttir	ÍFR
1989	Bjarni Friðriksson	Júdó	Ármann
1990	Bjarni Friðriksson	Júdó	Ármann
1991	Valdimar Grímsson	Handknattleikur	Valur
1992	Sigrún Huld Hrafnadóttir	Sund	Ösp
1993	Broddi Kristjánsson	Badminton	TBR
1994	Guðmundur Stephensen	Borðtennis	Víkingur
1995	Guðríður Guðjónsdóttir	Handknattleikur	Fram
1996	Jón Kristjánsson	Handknattleikur	Valur
1997	Kristín Rós Hákonardóttir	Sund	ÍFR
1998	Broddi Kristjánsson	Badminton	TBR
1999	Þormóður Egilsson	Knattspyrna	KR
2000	Kristín Rós Hákonardóttir	Sund	ÍFR
2001	Kristín Rós Hákonardóttir	Sund	ÍFR
2002	Ásthildur Helgadóttir	Knattspyrna	KR

2003	Karen Björk Björgvinsdóttir	Dans	ÍR
2004	Kristín Rós Hákonardóttir	Sund	ÍFR/ Fjölpir
2005	Ragnhildur Sigurðardóttir	Golf	GR
2006	Jakob Jóhann Sveinsson	Sund	Ægir
2007	Ragna Ingólfsdóttir	Badminton	TBR
2008	Katrín Jónsdóttir	Knattspyrna	Valur
2009	Ásdís Hjálmsdóttir	Frjálsar íþróttir	Ármann
2010	Ásdís Hjálmsdóttir	Frjálsar íþróttir	Ármann

VETRARÓLYMPÍULEIKAR 2010

ÍBR styrkti skíðamennina Árna Þorvaldson og Gísla Rafn Guðmundsson úr Ármanni mánuðina fyrir Vetrarólympíuleika í Kanada um kr. 50.000,- á mánuði eða samtals um kr. 1.300.000,-.

ÓLYMPÍUSTYRKIR

Í lok árs 2010 voru eftirtaldir íþróttamenn styrktir, allir líklegir til að komast á Ólympíuleika í London á næsta ári, um samtals kr. 1.400.000kr vegna góðs árangurs:

- Ásdís Hjálmsdóttir, frjálsíþróttakona úr Glímufélaginu Ármanni

- Ásgeir Sigurgeirsson, skotíþróttamaður úr Skotfélagi Reykjavíkur
- Helga Margrét Þorsteinsdóttir, frjálsíþróttakona úr Glímufélaginu Ármanni
- Hermann Unnarsson, júdómaður úr Júðofélagi Reykjavíkur
- Jakob Jóhann Sveinsson, sundmaður úr Sundfélaginu Ægi
- Kristín Birna Ólafsdóttir, frjálsíþróttakona úr ÍR
- Ragna Ingólfsdóttir, badmintonkona úr Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur
- Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona úr Knattspyrnufélagi Reykjavíkur
- Þorbjörg Ágústsdóttir, skylmingakona úr Skylmingafélagi Reykjavíkur
- Þormóður Jónsson, júdómaður úr Júðofélagi Reykjavíkur

UNGIR OG EFNILEGIR

Í lok árs 2010 styrkti stjórn ÍBR eftirtalið ungt og efnilegt íþróttafólk um samtals kr. 1.400.000kr vegna góðs árangurs:

- Anton Sveinn McKee, sundmaður úr Ægi
- Brynjar Jökull Guðmundsson, skíðamaður úr Knattspyrnufélaginu Víking
- Einar Daði Lárusson, frjálsíþróttamaður úr ÍR
- Eygló Gústafsdóttir, sundkona úr Ægi
- Guðmundur Ágúst Kristjánsson, golfari úr Golfklúbbi Reykjavíkur

- Gunnhildur Garðarsdóttir, skylmingakona úr Skylmingafélagi Reykjavíkur
- Hildur Ólafsdóttir, fimleikakona úr Fylki
- Hulda Þorsteinsdóttir, frjálsíþróttakona úr ÍR
- Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, taekvondokona úr Fjölni
- Jóhanna Rakel Jónasdóttir, fimleikakona úr Ármanni
- Kári Gunnarsson, badmintonmaður úr TBR
- Kristinn Þórarinnsson, sundmaður úr Fjölni
- Kristján Jónsson, júdómaður úr Júðofélagi Reykjavíkur
- Sturla Snær Snorrason, skíðamaður úr Glímufélagi Ármanns
- Sunna Víðisdóttir, golfari úr Golfklúbbi Reykjavíkur

GRUNNSKÓLAMÓT HÖFUÐBORGNA NORÐURLANDA

Grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda var haldið í fyrsta skipti árið 1948 í Stokkhólmi. Síðan þá hefur mótið verið haldið ár hvert til skiptis í Kaupmannahöfn, Osló, Helsinki og Stokkhólmi. Markmið mótsins er að sameina skólaungmenn á Norðurlöndum í gegnum íþróttir og rækta þannig norrænan frændskap. Fyrir utan íþróttakeppnina sjálfa er lögð áhersla á að ungmennin kynnist hvert öðru sem og sögu landsins sem heimsótt er og venjum þess. Mótið er haldið í síðustu viku í maí ár hvert. Fyrir hverja höfuðborg

keppa að hámarki 41 nemandi, 14 ára og yngri: 15 í knattspyrnu drengja, 10 í handknattleik stúlkna, 8 í frjálsum íþróttum stúlkna og 8 í frjálsum íþróttum drengja. Auk þess fylgja keppendum fjórir þjálfara og tveir fararstjórar.

Reykjavík hafði verið boðið að taka þátt í mótinu í mörg ár en það var ekki fyrr en árið 2006 að Reykjavíkurborg ákvað að taka þátt. Þá fór mótið fram í Helsinki og voru Reykvíkingar þá með sem gestir í knattspyrnu drengja. Árið 2007 voru aftur sendir drengir í knattspyrnu og þá til Osló og enduðu þeir í 2. sæti. Árið 2008 var mótið haldið í Kaupmannahöfn og var þá minnst 60 ára afmælis mótsins. Var þá ákveðið að Reykjavík sendi fullt lið til keppni og stóðu allir keppendur sig frábærlega og voru Reykjavík til sóma. Í Stokkhólmi árið 2009 sendi Reykjavík keppendur í körfuknattleik stúlkna og knattspyrnu drengja. Ári síðar þegar mótið fór fram í Helsinki keppti Reykvíska liðið í öllum íþróttagreinum mótsins og vonandi er það fyrirkomulag komið til að vera. Í þau fimm skipti sem nemendur úr grunnskólum í Reykjavík hafa tekið þátt hefur ÍBR séð um þátttöku í móti þessu í samráði við ÍTR, menntasvið Reykjavíkurborgar, grunnskóla borgarinnar, íþróttafélagin í Reykjavík og sérráðin.

Í fyrsta skipti í sögu mótsins verður það haldið í Reykjavík í ár og er ÍBR framkvæmdaraðili þess en Reykjavíkurborg er gestgjafinn. Sú breyting verður að í stað þess að keppa í körfuknattleik stúlkna verður keppt í handknattleik stúlkna a.m.k. til næstu fimm ára. Þjálfarar Reykvísku keppendana

eru menntaðir íþróttakennarar og hafa þau verið með æfingar í fáeina mánuði fyrir mótið. Í Reykjavík fer öll íþróttakeppnin fram í Laugardal og ýmislegt annað gert til skemmtunar. Jafnframt er notað tækifærið til að kynna fyrir erlendu gestunum land okkar og menningu. Grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda sem haldið verður í Reykjavík 2011 fer fram dagana 22.-27. maí.

ALÞJÓÐALEIKAR UNGMENNA – INTERNATIONAL CHILDREN'S GAMES

Alþjóðaleikar ungmenna (International Children's games) hafa verið haldnir um víða veröld í tæp 40 ár. Leikarnir eru keppni í hinum ýmsu íþróttagreinum fyrir ungmenni á aldrinum 12-15 ára. Samtökin sem standa að þessum leikum hafa verið viðurkennd af Alþjóða Ólympíunefndinni frá 1990. ÍBR hefur með stuðningi frá ÍTR sent þátttakendur á leikana frá árinu 2001. Hér að neðan má sjá stutta umfjöllun um leikana í Aþenu og Bahrain.

Aþena 2009

Víkingurinn Rafn Kumar Bonifacius keppti í tennis fyrir Reykjavík á leikunum. Hann sat hjá í fyrstu umferð keppinnar en mætti í annarri umferð andstæðingi frá Úkraínu, Adalbert Nemesh. Úkraínumaðurinn var mjög sterkur og hafði nokkra líkamlega yfirburði sem geta vegið þungt á þessum aldri. Rafn Kumar tapaði leiknum 6-0 og 6-1.

Reykjavíkúrvalið í körfuknattleik karla var í fjögurra liða riðli með gríska liðinu Pireas, Kecskemet frá Ungverjalandi og Marion frá

Indiana í Bandaríkjunum. Allir leikir strákanna voru jafnir og spennandi. Þeir sigruðu Grikkina 42-31 og Bandaríkjamennina á flautukörfu 49-47. Þeir urðu hinsvegar að játa sig sigraða fyrir Ungverjunum þrátt fyrir að hafa verið með forystuna stærstan hlutann af leiknum 45-50. Aðeins eitt lið komst uppúr riðlinum og því fengu reykvísku strákarnir ekki fleiri leiki. Reykjavík varð í 5.-8.sæti af 17 liðum. Þjálfari reykvíska körfuknattleiksliðsins var Gunnar Sverrisson, ÍR, en liðið skipuðu þeir Arthúr Ross Möller, Fjölni, Daníel Capaul, ÍR, Darri Freyr Atlason, KR, Martin Hermannsson, KR, Matthías Orri Sigurðarson, KR, Róbert Sigurðsson, Fjölni, Snæþór Helgi Bjarnason, ÍR og Þógrímur Kári Emilsson, ÍR.

Fimleikakeppni alþjóðaleikanna var fjölmenn og skemmtileg. Í fjölþraut varð Hildur Ólafsdóttir úr Fylki í 18.sæti þegar hún fékk 43,05 stig sem er persónulegt met hjá henni, Jóhanna Rakel Jónasdóttir úr Ármanni setti einnig persónulegt met þegar hún varð í 11.sæti og hlaut 46,55 stig, Sigurður Andrés Sigurðsson, Ármanni, varð í 16.sæti í með 62,1 stig sem er hans besti árangur og Alexander Jens Ásgeirsson, Ármanni, varð í 18.sæti með 55,3 stig. Þau Alexander og Jóhanna Rakel komust síðan áfram í úrslit, Alexander í stökki og Jóhanna á gólfi. Þar endaði Alexander í 7.sæti með 12,6 stig og Jóhanna í 5.sæti með 12,45 stig.

Manama 2010

Drengjalið Reykjavíkur í handknattleik varð í 5.sæti á mótinu sem haldið var í Bahrain. Reykvísku strákarnir unnu öruggur 18-12

sigur gegn Kecskemet frá Ungverjalandi. Áður hefði liðið keppt við Innsbruck, Freiberg, Celje og Manama. Liðið skipaði Aron Bjarnason, Prótti, Benedikt Bjarnason, Fram, Bjarki Lárusson, Prótti, Bogi Jónsson, ÍR, Eðvarð I. Geirsson, Fjölmi, Gísli Gíslason, Fram, Gunnar Malmquist, Val, Ragnar Kjartansson, Fram og Sigurður Þorsteinsson, Fram. Þjálfari liðsins var Haraldur Þorvarðarson, Fram.

REYKJAVÍK INTERNATIONAL GAMES (RIG) – ALPJÓÐLEGIR REYKJAVÍKURLEIKAR

Undanfarin fjögur ár hafa 10 aðildarfélög ÍBR staðið að alþjóðlegu mótahaldi í janúar en keppt er í einstaklingsgreinunum badminton, listhlaupi á skautum, borðtennis, kraftlyftingum, dansi, frjálsum íþróttum, sundi, bogfimi, keilu, skyldingum, júdó og fimleikum. Fatlaðir sem ófatlaðir taka þátt í leikunum. Það væri ekki hægt að halda svona leika nema með dyggilegum stuðningi borgaryfirvalda auk bakhjarla RIG: Síminn, Ölgerðin og Orkuveita Reykjavíkur. Á leikunum er keppt í 12 einstaklingsíþróttagreinum þar sem yfir 2000 keppendur taka þátt og nokkuð stór hluti erlendur. Leikarnir hafa orðið glæsilegri með hverju árinu sem líður og stefnt er að áframhaldandi fjölgun erlendra þátttakenda. Mótið er flokkað sem afreksíþróttamót þar sem stefnt er að því að fá til landsins sterka erlenda keppendur í öllum greinum. Á undangengnum leikum bar það helst til tíðinda að keppt var í fyrsta skipti í kraftlyftingum, bogfimi og borðtennis. Leikarnir gengu mjög vel fyrir sig og athygli fjölmiðla mjög góð sem leiddi til þess að

almennigur sýndi viðburðinum mikinn áhuga. Þess má geta að rúmlega helmingur landsmanna sá a.m.k. 5 mínútur af útsendingum um Reykjavíkurlækana. Á næstu árum er stefnan sett á að bæta við fleiri íþróttagreinum auk þess að gera viðburðinn að fjölþjóðlegum íþrótt- og menningaviðburði þar sem íþróttafólk kemur saman til keppa og skemmta sér. Að því tilefni má minnast orða borgarstjóra en við setningu Reykjavíkurlækana, þar sem hópar úr mismunandi íþróttagreinum héldu stórkostlega sýningu á íþrótt sinni, hafði hann eftirfarandi á orði í ræðu sinni: *"Ég fæ gæsa húð, þið eruð íþróttalistamenn!"*

Nokkur íþróttafélög standa einnig fyrir n.k. öldungamóti á haustin, undir nafninu Reykjavík International Games Goldies, þar sem tæplega hundrað keppendur koma erlendis frá til að heimsækja Ísland og keppa á skemmtilegu áhugamannamóti í knattspyrnu, íshokki og pílukasti. Frekari upplýsingar á www.rig.is

AFREKSÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ

Vinna vegna afreksíþróttamiðstöðvar er langt kominn og heyrir það helst til tíðinda að samþykkt hefur verið að Atlas endurhæfing ehf muni reka sjálfa stöðina en ÍSÍ, ÍBR og sérsambönd ÍSÍ muni leggja til tæki og tól. Lagt er upp með að stöðin hefji starfsemi strax í haust.

AFREKSÍÞRÓTTIR OG FRAMHALDSSKÓLI

Gefinn var út bæklingur um framhaldsskólana í Reykjavík og hvernig þeir koma til móts við íþróttafólk. Markmiðið með útgáfu bæklingins var að upplýsa ungt

Íþróttafólk í Reykjavík og foreldra þeirra um helstu þætti sem taka þarf tillit til svo íþróttaiðkun og nám fari sem best saman.

ÍPRÓTTANÁMSKRÁ – FYRIRMYNDARFÉLÖG

Öll hverfafélögin eiga sína námskrá og hafa flest þeirra ráðist í mikla stefnumótunar- og skipulagsvinnu. Eins og staðan er í dag verða a.m.k. ekki á næstunni gerðar námskrár fyrir sérgreinafélögin en þeim frekar beint í þann farveg að gerast Fyrirmyndarfélög ÍSÍ enda margt líkt með þessum verkefnum. Nú þegar hafa félög og deildir gerst Fyrirmyndarfélög/fyrirmyndardeildir ÍSÍ.

Knattspyrnufélag Reykjavík

- badmintondeild, borðtennisdeild, glímudeild, handknattleiksdeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, keiludeild, skíðadeild, sunddeild

Sundfélagið Ægir

Íþróttafélag Reykjavíkur

- skíðadeild

Knattspyrnufélagið Valur

- handknattleiksdeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild

Knattspyrnufélagið Víkingur

- skíðadeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, tennisdeild

Golfklúbbur Reykjavíkur
Skylmingafélag Reykjavíkur
Ungmennafélagið Fjölnir

- sunddeild

Glímufélagið Ármann

- fimleikadeild, sunddeild

ÁNÆGJUVOGIN

Haustið 2009 fór Íþróttabandalag Reykjavíkur af stað með verkefni til að auka ánægju iðkenda í samstarfi við Viðar Halldórsson, íþróttafélagsfræðing hjá Háskólanum í Reykjavík. Verkefnið er kallað Ánægjuvogin og er í stórum dráttum tvíþætt. Annarsvegar kannanir á ánægju iðkenda í íþróttafélögum (viðhengi) og hinsvegar útgáfa á fræðslufni (viðhengi) með leiðum til að auka ánægju iðkenda.

Byrjað var á því um haustið í samráði við íþróttafulltrúana að leggja fyrir iðkendur hverfafélaganna í Reykjavík ánægjukönnun. Niðurstöður könnunarinnar voru svo kynntar fyrir félögum og stjórn Íþróttabandalagsins. Í stuttu máli segja að félögin hafi komið mjög vel út þar sem yfir 90% iðkenda voru ánægð með starfið og þjálfarana. Í kjölfar könnunarinnar útbjó Viðar Halldórsson íþróttafélagsfræðingur, í samstarfi við hverfafélögin og ÍBR, fræðslufni með leiðum til að auka ánægju iðkenda enn frekar. Um er að ræða lítinn leiðarvísí í A6 broti sem er hugsaður sem viðbót við það sem ÍBR, ÍSÍ og aðrir hafa gefið út í fræðslumálum með enn frekari áherslu á ánægjuþáttinn. Fyrri könnunin var lögð fyrir á æfingum félaganna og því ekki eins marktæk og þegar börnin svara

spurningalistum í skólstofum sbr. Ungt fólk Rannsóknar & Greiningar. Því sótti bandalagið eftir fjárstuðningi til að komast inn í þá könnun og fékk til þess styrk frá ÍSÍ og ÍTR.

Í könnuninni sem lögð var fyrir 8.-10.bekkinga var bætt við spurningum sem tengjast ánægju iðkenda. Markmiðið var að fá sem gleggsta mynd af íþróttastarfinu í Reykjavík með það fyrir augum að bæta það og koma í veg fyrir óþarfa brottfall ungmenna úr íþróttastarfinu.

Það fer ekki á milli mála þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar að nemendur í 8.-10.bekk í Reykjavík eru ánægðir með íþróttafélögin sín. 83% nemenda finnst gaman á æfingum og eru ánægð með íþróttafélagið sitt. 80% nemenda eru ánægð með þjálfarann sinn og 79% með æfingaaðstöðuna. Mjög lítil munur er á milli kynja en þó eru stúlkurnar ívið ánægðari en drengirnir. Þá sýna niðurstöðurnar einnig að þeir sem æfa 4 sinnum í viku eða oftar eru ánægðari en þeir sem æfa 1-3 sinnum í viku. Þegar nemendur sem sögðust vera hættir að stunda íþróttir voru spurðir hvað hafi orðið til þess að þeir hættu var helsta ástæðan sögð sú að þeir hreinlega misstu áhugann og að þeir hefðu ekki tíma fyrir iðkunina. Mjög fáir sögðu að ástæða þess að þeir hættu væri of mikill kostnaður, samkeppni eða of erfiðar æfingar. Ekki óvænt er sjálfsmýnd þeirra sem iðka íþróttir í íþróttafélögunum í Reykjavík mun betri en þeirra sem gera það ekki og eykst hún eftir því sem viðkomandi stundar fleiri æfingar á viku samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Þá eru þeir sem

stunda íþróttir í íþróttafélögunum í Reykjavík einnig ólíklegri til að reykja daglega, drekka áfengi og nota hass. Munn og neftóbaksnotkun hefur heldur aukist á Íslandi síðustu ár. Umræðan hefur gjarnan verið sú að íþróttafólk noti þessa tegund tóbaks meira en aðrir. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru þeir sem iðka íþróttir í Reykjavík ekki líklegri til að nota munn- og neftóbak heldur en þeir sem ekki iðka íþróttir. Eins og niðurstöður könnunar Rannsóknar & Greiningar á meðal nemenda í 8.-10.bekk sýna eru íþróttafélögin í Reykjavík að standa sig vel og sinna mikilvægu forvarnarstarfi. Innan vébanda Íþróttabandalags Reykjavíkur eru um 70 íþróttafélög. Sökum marktækni upplýsinganna þá var ekki hægt að vinna úr niðurstöðum fyrir þau félög sem ekki teljast meðal 15 fjölmennustu stærstu félaganna. Í framhaldinu getur hvert félag fyrir sig unnið í þeim þáttum sem niðurstöðurnar sína að þörf sé að bæta.

Stjórn ÍBR stefnir að því að taka þátt í rannsókninni annað hvert ár. Niðurstöðurnar munu því nýtast á næstu árum í allri stefnumótun jafnt hjá aðildarfélögunum sem og bandalaginu sjálfu.

FRÍSTUNDAAKSTUR HVERFAFÉLAGANNA

Í lok árs 2008 skoruðu íþróttafulltrúar hverfafélaganna á borgaryfirvöld að styrkja félögin vegna s.k. frístundaaksturs. Aksturinn er í flestum tilfellum hugsaður til þess að færa æfingar yngstu iðkenda fyrr á daginn og jafna hlut iðkenda gagnvart aðgengi að íþróttamannvirkjum borgarinnar. ÍTR hefur nú styrkt félögin með beinum hætti í heilt ár

og í fjárhagsáætlunum fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir þessum styrkjum. Mikil ánægja er meðal foreldra með aksturinn og vonandi er hann kominn til að vera.

ÍPRÓTTASKÓLINN

Íþróttaskólinn hætti um áramótin síðustu vegna niðurskurðar borgarinnar. Hann hafði verið starfræktur síðan 1997 af íþróttafélögunum í Reykjavík. Þátttaka 1.- 2. bekinga hefur verið á bilinu 88-90% og því sárt að ekki hafi verið hægt að hagræða í rekstri borgarinnar með öðrum hætti.

KYNNINGARIT

Frá árinu 2001 hefur Íþróttabandalag Reykjavíkur árlega gefið út kynningarit um íþrótt- og félagsstarf í Reykjavík. Allir nemendur í 1.-10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur fá ritið afhent í byrjun september á hverju hausti. Í ritinu er að finna upplýsingar um það helsta sem í boði er hjá íþróttafélögum og félagsmiðstöðvum í Reykjavík.

Sú hugmynd hefur komið upp einstaka sinnum að hætta prentun kynningarritsins og hafa það eingöngu á tölvutæku formi. Í samráði við íþróttafulltrúa hverfafélaganna var horfið frá þeirri hugmynd en þess í stað ákveðið að gefa ritinu smá upplýftingu og hafa texta á fleiri tungumálum en íslensku.

Í kynningarritinu má finna má öll íþróttafélög í Reykjavík í stafrófsröð. Hjá hverju félagi koma fram helstu grunnupplýsingar eins og aðsetur, símanúmer, netföng og heimasíður. Þeir sem hafa ákveðna íþróttagrein í huga og vilja vita hvar er hægt að iðka hana geta flett

upp á opnu með yfirliti yfir allar þær greinar sem hægt er að iðka í borginni. Þá eru einnig kort af hverfum borgarinnar með upplýsingum um staðsetningu og æfingastaði íþróttafélaganna. Allur almennur texti í ritinu og upptalning á íþróttagreinum er á fjórum tungumálum; íslensku, ensku, pólsku og tælensku.

ÍPRÓTTAGJAFIR

Frá árinu 2005 hefur Íþróttabandalag Reykjavíkur gefið nemendum í grunnskólum Reykjavíkur hreyfihvetjandi gjafir. Tilgangur gjafanna er að gleðja reykvísk börn og um leið hvetja þau til að hreyfa sig og leika sér með tilvísun í íþróttir almennt. Fyrsta árið fengu börn í 2. bekk sippubönd en síðan þá er búið að bæta þremur árgöngum við. Börn í 3. bekk fengu bolta, börn í 4. bekk boðsmiða á skauta og 5. bekingar fengu sundkort. Boðsmiði á skauta var afhentur í kringum fyrsta vetrardag en sippubönd, boltar og sundkort rétt fyrir sumardaginn fyrsta. Gjöfunum fylgdi lítill bæklingur með hugmyndum af leikjum og æfingum sem hentuðu vel gjöfinni. Einstaklega vel er tekið á móti gjöfunum í grunnskólum borgarinnar og voru bæði börn, foreldrar og kennarar mjög þakklátir fyrir þetta framtak. Árið 2009 fengu 5605 börn íþróttagjafir frá ÍBR og árið 2010 voru það 5440 börn.

VINABÆJARMÓT

Reykjavík á fjóra vinabæi á Norðurlöndunum; Aarhus, Bergen, Gautaborg og Turku. Til margra ára hafa fulltrúar þessara vinabæja hist á árlegum íþróttasamkomum. Í flest skiptin hefur verið um að ræða lítið

Íþróttamót þar sem unglingar keppa sín á milli í ýmsum íþróttagreinum auk sameiginlegra funda fulltrúa sem starfa að íþróttamálum á hverjum stað. Íþróttabandalag Reykjavíkur er fulltrúi Reykjavíkur í þessu vinabæjarsamstarfi og hefur skipulagt og haldið utan um ferðir og mótahald fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Árið 2009 var tekið upp nýtt fyrirkomulag í þessu vinabæjarsamstarfi sem er þannig háttað að hver bær sendir fjögur ungmenni á aldrinum 18-24 ára til fundar auk eins fulltrúa sem starfar að skipulagi íþróttamála í bænum. Ungmennin sitja fræðandi fyrirlestra og vinna ýmis verkefni með jafnöldrum sínum á Norðurlöndunum. Markmiðið er að skapa meira samstarf milli bæjanna og gefa ungmennunum færi á að læra eitthvað nýtt auk þess að læra hvort af öðru. Þetta nýja fyrirkomulag hefur reynst vel og þátttakendur verið ánægðir með ferðirnar sem hafa verið bæði lærdómsríkar og skemmtilegar.

Árið 2009 var Vinabæjarmótið haldið í Turku í Finnlandi. Aðal umfjöllunarefni fundarins var „Hvernig er hægt að fá fleira ungt fólk til að starfa við íþróttir hjá íþróttafélögum?“. Árið 2010 var það síðan haldið í Árósum í Danmörku þar sem umfjöllunarefnið var íþróttir og innflytjendur.

Aðildarfélög ÍBR eiga kost á því að tilnefna ungmenni til þátttöku í þessu norræna samstarfi. Valið fer fram í maí ár hvert en vinabæjarmótið sjálft fer jafnan fram um miðjan ágúst.

NÆRING ÍÞRÓTTAÍÐKENDA

Á þingi ÍBR 2009 var samþykkt ályktun um framboð á hollum matvörum í íþróttamannvirkjum þar sem bandalagsaðilar voru hvattir til að vinna eftir leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar sem nýlega höfðu komið út. Leiðbeiningarnar voru sendar til allra aðildarféлага eftir þingið í samvinnu við Lýðheilsustöð.

Í febrúar 2010 var síðan haldinn hádegisfundur um næringu íþróttaiðkenda þar sem leiðbeiningar Lýðheilsustöðvar voru kynntar sérstaklega. Á fundinum fjallaði næringarfræðingurinn Ólafur Sæmundsson um næringu og þörf íþróttafólks til að nota fæðubótarefni og orkudrykki og fulltrúar Knattspyrnufélagsins Vals sögðu frá breytingum sem gerðar höfðu verið á framboði á næringu í íþróttamannvirkjum félagsins. Þá var lögð var fram verðkönnun á grænmeti, ávöxtum og mjólkurvörum til að starfsmenn gætu áttað sig á hvar hagstæðast væri að kaupa hollar vörur. Fundurinn var mjög vel sóttur og fóru mörg félög í þá vinnu að endurskoða framboð á matvörum í íþróttahúsum sínum eftir hann.

ALMENNINGSTÍMAR Í ÍÞRÓTTAHÚSUM GRUNNSKÓLA REYKJAVÍKUR

Íþróttabandalag Reykjavíkur hefur umsjón með 14 skólum til útleigu fyrir hópa til að iðka íþróttir eins og t.d. knattspyrnu, körfubolta, blak, handbolta, leikfimi og margt annað. Hóparnir sem nýta sér þessa þjónustu á yfirstandandi tímabili eru 208 talsins eða um 2.000 manns og er tímabilið

frá 1. september – 30.apríl. Þess má geta að eftirspurn almennings er mun meiri en framboð þeirra tíma sem í boði eru.

Margir þessara hópa hafa notið þjónustu ÍBR til margra ára og er mikil ánægja hjá þeim með þessa útleigutíma. Tímarnir sem eru nýttir til útleigu koma á eftir íþróttafélögnum í þeim skólum sem aðildarfélög ÍBR eru með starfsemi, en í sumum skólum er eingöngu almenningur. Mest er iðkuð knattspyrna, en síðan körfubolti, blak, handbolti og einnig margar aðrar greinar eins og leikfimi, skallatennis, brennó og bandý.


Það er mjög mikilvægt að þessi þjónusta við almenning haldi áfram og helst ef hægt væri að gera meira af því að bjóða hópum sem hafa áhuga á því að hreyfa sig að nota mannvirki íþróttafélaganna og borgarinnar þegar félögin og skólarnir hafa lokið sínum æfingum og kennslu. Allt samstarf hefur gengið vel við grunnskólanna og ber að þakka fyrir það.

REYKJAVÍKURMARAFON

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka(RMÍ) fór fram í tuttugasta og sjöunda sinn þann 21. ágúst 2010. Að mörgu er að hyggja í undirbúningi og skipulagi fyrir 10.000 manna viðburð sem skiptist í 6 hlaupavegalengdir. Ýmsar nýjungar hafa orðið undanfarin tvö ár á framkvæmd Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka. Fyrirkomulag áheitasöfnunar

hefur verið í stöðugri þróun undanfarin ár og hefur náð að festa sig í sessi. Nýr vefur var tekinn í notkun: www.hlaupastyrkur.is Fjöldi góðgerðafélaga fór úr 67 í 89 á milli árana 2009 og 2010. Alls söfnuðust 30 milljónir árið 2010 og 31% hlaupara skráðu sig inn í söfnunina.

Helstu breytingarnar hafa verið á skipulagi



Latabæjarhlaupsins. Hlaupið var fært af háskólasvæði í Hljómskálagarðinn og hlaupaleiðum fjölgað og ekki hafðar þær sömu fyrir alla aldurshópa. Skemmtiskokki var einnig breytt og fer nú einnig í gegnum garðinn og tjörnina. Þessar breytingar hafa reynst vel. Boðið var uppá boðhlaup sem nýja keppnisgrein árið 2010 þar sem tveir til fjórir geta skipt á milli sín 42,2 km. Hlaupaleiðin var sú sama og maraþon leiðin. Breyting var gerð á hlaupaleið í maraþon- og hálfmaraþonhlaupi árið 2010 sem fólst í því að hlauparar sleppa við að hlaupa um gámasvæðið við sundahöfn. Samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar Reykjavíkumaraþons sem gerð var 2010

vildu hlauparar losna við að hlaupa um þetta svæði og var þetta liður í að koma til móst við þær óskir. Eina vegalengdin sem haldist hefur óbreytt er 10 km hlaupið. Hraðastjóri er nýtt hlutverk sem tekið var upp 2009 en hann heldur uppi ákveðnum hraða alla hlaupaleiðina. Hann er merktur og heldur á blöðrum merktum þeim hraða sem hann ætlar á og aðrir hlauparar með sama markmið elta hann. Árið 2010 voru 5 hraðastjórar í 10 km hlaupi og einn í 21 km. Undanfarin tvö ár hefur RM einnig gefið út dagatal sem hvatningu til allra sinna þátttakenda. Öllum þátttakendum og samstarfsaðilum RMÍ var sent dagatalið í pósti.

Viðhorfskönnun var liður í stefnumótun Reykjavíkumaraþons þar sem æskilegt þótti að fá viðhorf þátttakenda til staðsetningar og dagsetningar hlaupsins. Þátttakendur með skráð tölvupóstfang 16 ára og eldri, samtals 3.739 manns, var send könnun með tölvupósti. Alls svöruðu 1554 manns eða 42% af þeim sem fengu hana senda. Niðurstöður úr þessari könnun sýndu að þátttakendur vilja hafa RMÍ með óbreyttu sniði með tilliti til staðsetningar og tíma ársins. Þess má geta að RM fer fram sama dag og Menningarnótt en svo hefur verið undanfarin 10 ár. Auk þess kom fram að þátttakendur eru ánægðir með skipulag og framkvæmd hlaupsins.

Skráning í RMÍ hefst í janúar ár hvert. Á heimasíðu hlaupsins www.marathon.is. Þar fer fram greiðsla um leið og skráning. Þar er einnig hægt að velja góðgerðafélag. Verðflokkar í RMÍ eru nokkrir, mismunandi

gjald í hvert hlaup og verðið fer stighækkandi því sem nær dregur hlaupdegi. Daginn fyrir hlaup er afhending hlaupagagna. Þessi viðburður hefur vafið uppá sig en hann hefur verið haldinn í Laugardalshöll undanfarin ár en árið 2010 var hann í húsnæði KSÍ og Latabæjarskráning í húsi Íþróttafélaganna Ármanns og Þróttar. Um leið og skráning í Latabæjarhlaupið fór fram var haldin íþróttahátíð fyrir Latbæjarþátttakendur á velli Þróttar.

Auk afhendingar gagna fyrir alla þá sem hafa forskráð sig er tekið á móti nýskráningum. Öllum er boðið í pastaveislu og jafnvel kaffi. Verslanir með hlaupavarning eru settar upp auk margs konar kynningarbása. Góðgerðafélög hafa fengið að stöðu til að kynna sig. Haldnir eru fyrirlestrar sem fram hafa komið innlendir og erlendir hlauparar. Þarna er vettvangur fyrir samstarfsaðila RM að kynna sig. Auk þess sem RM setur fram alls kyns upplýsingar um hlaupið. Þetta er í raun allsherjar skemmtun þar sem hlauparar eru að hittast og njóta þess sem er í boði.

Tímatökumál eru umfangsmikil í framkvæmd RMÍ. Tímataka er í fjórum hlaupum 42 km, 21 km, boðhlaupi og 10 km. Að auki eru millitímar teknir á 5 stöðum í heilu maraþoni og á 2 stöðum í hálfu maraþoni. Skemmtiskokk og Latabæjarhlaup eru án tímatöku. Drykkjarstöðvar eru á 10 stöðum og er veitingar í formi 8.000 lítra af vatni og 8.000 lítr af Powerade orkudrykkjum. Auk þess er boðið upp á banana á tveimur stöðum fyrir maraþonhlaupara. Brautarverðir og þjónusta er á 100 stöðum auk alls kyns merkinga í formi skilta, borða,

fána og annarra umgjarðar sem til þarf. Alls konar uppákomur eru á leiðinni. Tónlistatriði eru á vegum hlaupsins á sex stöðum á leiðinni og svo hafa aðrir bæst við af sjálfsdáðun. Góðgerðasamtök eru með sína áhangendur á ýmsum stöðum til að hvetja þátttakendur. Í lokin fá allir þátttakendur verðlaun og eru veitt 8 mismunandi verðlaun.

Gróska Reykjavíkumaraþons er afrakstur

góðrar samvinnu margra aðila. RM á góða samstarfsaðila sem hafa verið mikill og góður stuðningur ár eftir ár. Fyrst má nefna fyrirtækin Íslandsbanka, ferðaskrifstofan Vita sem tók við af Icelandair, Sportís, Vífilfell, Suzuki og SS. Auk Reykjavíkurborgar og þjónustumiðstöðva borgarinnar og Íþrótt- og tómstundaráðs. Aðrir eru Höfuðborgarstofa, SVR og Lögreglan. Samvinna er góð við íþróttafélögin. Þaðan

koma hópar og einstaklingar sem sjálfboðaliðar í vinnu fyrir íþróttafélögin í Reykjavík og nágrenni. Alls eru þetta 450-500 starfsmenn sem standa vaktina við að þjónusta 10-11.000 þátttakendur. Auk fjölda annarra hópa og einstaklinga sem gera framkvæmd hlaupsins að veruleika. Kostnaður við rekstur hlaupsins er all nokkur en þó hafa þáttökugjöld og framlög

samstarfsaðila staðið undir rekstararkostnaði. Þrátt fyrir að RM sé sérstakt fyrirtæki, hefur það sýnt sig að reksturinn á vel heima innan íþróttahreyfingarinnar þar sem samvinna við félög er góð og allir „sjálfboðaliðar“ vinna fyrir launum í RMÍ í þágu síns félags. Síðast enn ekki síst er mannauðurinn sem starfar með RM ár eftir ár íþróttááhugafólk úr íþróttahreyfingunni.

Vegalengd	Fjöldi	Karlar	Konur	Íslendingar	Útlendingar
Latabæjarhl.	2.952	1.508	1.444	2.924	28
3 km	1.670	658	1.012	1.607	63
10 km	3.683	1.628	2.055	3.466	217
21,1 km	1.357	770	587	1.049	308
42,2 km	613	441	172	205	408
Boðhlaup	54	29	25	50	4
Alls	7.377	3.526	3.851	6.377	1.000
Samtals RM	10.329	5.034	5.295	9.301	1.028

Reykjavíkumaraþon er stærsti íþróttaviðburður á Íslandi þar sem allir geta verið þátttakendur á eigin forsendum á hvaða aldri- eða getustigi sem er. Auk þess hefur maraþonhlaupið einnig verið Íslandsmeistaramót. Starfsemi Reykjavíkumaraþons er heilsársverkefni. Það er að mörgu að hyggja í undirbúningi, skipulagi og markaðssetningu innanlands sem utan. Samskipti og upplýsingagjöf við

Þátttakendur er mikill í gegnum póst og heimasíðu. Mikilvægt tengslanet hefur orðið til við þá aðila sem starfa með RM ár eftir ár. Eftir hvert hlaup tekur við frágangur, uppgjör og endurmat. Allir þættir eru endurskoðaðir áður en farið er af stað við undirbúning næsta árs. Auk þess ber RM ábyrgð á framkvæmd tveggja annarra hlaupa: Miðnæturhlaups á Jónsmessu og Laugavegshlaupið. Reykjavíkumaraþon hefur sýnt sig að vera mikilvægur heilsusamlegur viðburður. Rannsóknir sýna að fjöldaviðburðir í hreyfingu eins og RMÍ, hafa hvetjandi áhrif til æfinga og hreyfingar auk þess gefa þeir þátttakendum færi á að upplifa sig á jákvæðan hátt sem hvetur þá áfram til hreyfingar. Þeir sem hafa tekið þátt einu sinni eru frekar tilbúnir í lífsstílsbreytingu í hreyfingu í framhaldi af slíkum viðburði.

Einnig ber að nefna þá staðreynd að RM er viðburður sem skapar miklar gjaldeyrstekjur vegna þess mikla fjölda erlendra hlaupara (sjá töflu að til hliðar) auk fylgdarfólks sem sækja landið heim.

Powerade mótaröðin

RM kom á mótaröð 2009 sem var endurtekin 2010 undir nafninu „Powerademótaröðin“. Frjálsípróttadeildir innan ÍBR standa að mótaröðinni og henni tilheyrja auk Miðnæturhlaups og RMÍ, Víðavangshlaup ÍR, Fjölnishlaupið og Ármannshlaupið.

Miðnæturhlaupið á Jónsmessu

Miðnæturhlaupið á Jónsmessu var haldið í 18. sinn 23.júní árið 2010. Hlaupið ber nú

nafnið Miðnæturhlaup Powerade en heldur hefðbundnu sniði. Þrjár vegalengdir í boði 3 km skemmtiskokk án tímatöku og 5 km og 10 km með tímatöku. Helstu hefðir í hlaupinu eru að það er haldið að kvöldi til á Jónsmessu, hefst kl 22 fyrir framan Sundlaugarnar í Laugardalnum og lýkur á sama stað. Eftir hlaupið býður ÍTR öllum þátttakendum í sund þar sem verðlaunaafhending fer fram. Undanfarin tvö ár hafa frjálsípróttadeildir Ármanns og Fjölnis séð um að framkvæma hlaupið og hafa skrifa undir áframhaldandi samstarf við ÍBR til næstu tveggja ára. Mikil aukning hefur verið í þátttöku og voru alls 1500 þátttakendur árið 2010.

Laugavegshlaupið

Laugavegshlaupið fór fram í fjórtánda sinn þann 17. júlí 2010. Hlaupið er 55km langt og hefst í Landmannlaugum og endar í Húsadal í Þórsmörk. Þátttakendum hefur fjölgað undinfarin ár og hefur í raun selst upp í hlaupið á nokkrum dögum. Gosið í Eyjafjallajökli setti marks sitt á þátttöku 2010 em þá hættu 250 manns við þar sem óvissa var um hvaða áhrif askan myndi hafa. Þrátt fyrir það luku 267 þátttakendur hlaupinu og askan setti ekki ekki strik í reikninginn. Starfsmenn hlaupsins hafa eins og undanfarin ár verið velunnarar ÍBR og Reykjavíkumaraþons, alls voru þeir 50 staðsettir í Húsadal. Starfsmenn á leiðinni eru 40 talsins frá hlaupahópnum Frískum Flóamönnum á Selfossi og hafa þeir með sér hjálparsveitina á Selfossi og nágrenni. Mikið skipulag þarf til að annast svo marga þátttakendur á fjöllum og gæta öryggis

þeirra. Stærsti samstarfsaðili hlaupsins er Kynnisferðir en þeir sjá um að kom þátttakendum til og frá upphafs- og endamarki. Auk þess er send rúta í Emstrur þar sem þátttakendur eru stoppaðir við 6 tíma tímatakörk. Mikinn viðbúnað þarf til að þjónusta þennan fjölda hlaupara og helst má nefna uppsetningu sturta, tjaldbúða og klósettgáma auk þess sem grillað er ofan í allan mannskapinn. Hlaupið er mikið ævintýri og það eru allir sigurvegarar sem ná í mark í Húsadal. Þar ríkir mikil stemning að loknu hlaupi þar sem þátttakendur fagna með hvor öðrum og fjölskyldum sínum og vinum, sem yfirleitt fjölmenna í Húsadal. Samstarfsaðilar RM í Laugavegshlaupi eru: Kynnisferðir, Vita, Valitor, Suzuki, Ferðafélag Íslands og Farfluglar.

HEIMASÍÐUR

Heimasíða Íþróttabandalags Reykjavíkur er www.ibr.is. Á heimasíðunni má nálgast allar helstu upplýsingar sem viðkoma starfsemi ÍBR, styrkjum og efni útgefnu af bandalaginu. Þá má finna lista yfir öll aðildarfélag og tengingu inná heimasíður þeirra. Reglulega eru settar inn fréttir um það sem er á döfunni hjá ÍBR og félögunum.

Aðildarfélag eru hvött til að senda upplýsingar um áhugavert efni til birtingar á heimasíðunni sem og aðrar ábendingar um upplýsingar sem þar koma fram á annalilja@ibr.is

Íþróttabandalagið heldur einnig úti heimasíðu fyrir Reykjavíkumaraþon www.marathon.is, Reykjavíkurléika á www.rig.is og eins konar

minningarsíðu um Melavöllinn á www.melavollur.is

ÚTHLUTUN HEIÐURSVIDURKENNINGA ÍBR

Sumarið 1954 var Halldór Pétursson listteiknari fenginn til að gera tillögur að merki fyrir ÍBR af tilefni 10 ára afmælis bandalagsins þann 31. ágúst. Skilaði hann nokkrum tillögum og varð núverandi merki fyrir valinu. Jafnframt var merkið útfært sem heiðursmerki, gullstjarna ÍBR, er ákveðið var að taka upp heiðranir fyrir störf að íþróttamálum í Reykjavík. Stjarnan er gerð úr silfri en á henni miðri er mynd Ingólfs Arnarsonar úr gulli. Gullmerki ÍBR var úthlutað í fyrsta skipti á 45 ára afmæli ÍBR hinn 31. ágúst 1989.

Gullstjörnu ÍBR hafa hlotið:

1954: Bjarni Benediktsson, Gunnar Thoroddsen, Benedikt G. Waage, Benedikt Jakobsson, Erlendur Ó. Pétursson, Erlingur Pálsson, Gunnar Þorsteinsson, Jens Guðbjörnsson, Kristján L. Gestsson, Ólafur Sigurðsson, Úlfar Þórðarson, Þorsteinn Einarsson

1958: Jóhann Hafstein

1959: Andreas Bergmann

1961: Sveinn Zöega

1964: Baldur Möller, Gísli Halldórsson

1967: Frímann Helgason, Jóhann Jóhannesson, Jón Guðjónsson, Sigurður Halldórsson

1968: Guðjón Einarsson, Stefán G. Björnsson

ÁRSSKÝRSLA ÍBR 2011

- 1969: Geir Hallgrímsson, Sigurður Ólafsson
- 1970: Einar Sæmundsson
- 1972: Árni Árnason, Gunnar Már Pétursson, Haraldur Gíslason
- 1975: Þórarinn Magnússon
- 1976: Birgir Ísleifur Gunnarsson
- 1977: Fríður Guðmundsdóttir
- 1979: Baldur Jónsson
- 1982: Sigurjón Hallbjörnsson
- 1983: Albert Guðmundsson
- 1984: Guðmundur Þórarinsson, Sigurgeir Guðmannsson
- 1988: Davíð Oddsson
- 1990: Sveinn Björnsson
- 1991: Júlíus Hafstein
- 1994: Ellert B. Schram
- 1998: Ari Guðmundsson
- 1999: Sveinn Jónsson
- 2009: Reynir Ragnarsson
- Gullmerki ÍBR hafa hlotið:
- 1989: Ellert B. Schram, Hannes Þ. Sigurðsson, Júlíus Hafstein, Sveinn Björnsson, Sveinn Jónsson
- 1994: Alfreð Þorsteinsson, Friðjón B. Friðjónsson, Grímur Valdimarsson, Gunnar Guðmannsson, Halldór B. Jónsson, Hallur Hallsson, Jóhannes Óli Garðarsson, Jón G. Zöega, Kristinn I. Jónsson, Lovísa Sigurðardóttir Ómar Einarsson, Sigurður Magnússon, Tryggvi Geirsson, Þórir Lárusson
- 1998: Eggert Steinsen, Hilmar Guðlaugsson, Svava Sigurjónsdóttir
- 1999: Ásgeir B. Guðlaugsson, Baldur Maríuson, Guðjón Guðmundsson, Kolbeinn Pálsson
- 2000: Jón Magnússon
- 2001: Steinþór Guðmundsson
- 2002: Haukur Tómasson, Ólafur Loftsson, Snorri Hjaltason
- 2003: Guðrún Stella Gunnarsdóttir, Sigurður Hall, Hörður Gunnarsson
- 2004: Sigfús Ægir Árnason, Karl Jóhannsson, Arnór Pétursson, Bjarni Friðriksson, Einar Ólafsson, Hólmsteinn Sigurðsson, Jensína Magnúsdóttir, Kristinn Dulaney, Magnús Jónasson, Ólafur Hreinsson, Pétur Bjarnason, Reynir Vignir, Sigurður Tómasson, Þorbergur Halldórsson, Þór Símon Ragnarsson, Þórður Jónsson
- 2005: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Örn Andrésson
- 2006: Björn Jóhannesson
- 2007: Auður Björg Sigurjónsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Þráinn Hafsteinsson, Ólafur Gylfason, Örn Hafsteinsson

2008: Sveinn Ragnarsson, Guðmundur B. Ólafsson, Kristinn Jörundsson, Ágúst Ingi Jónsson, Örn Ingólfsson, Pétur Stephensen, Snorri Þorvaldsson, Haraldur Haraldsson, Hrefna Sigurðardóttir, Stefán Jóhannsson

2009: Jóhannes Helgason, Örn Steinsen, Garðar Eyland, Gestur Jónsson, Jón Pétur Jónsson, Sölvi Óskarsson, Helgi Þorvaldsson, Magnús V. Pétursson

2010: Magnús S. Jónsson

FORMANNAFUNDUR

Formannafundur var haldinn 7. maí 2010. Ársreikningur 2009 var kynntur og farið yfir helstu mál sem voru á döfinni. Þá var framboðum til borgarstjórnarkosninga boðið að kynna áhersluatriði og stefnu sína í íþróttamálum. Ekki nýttu öll framboðin þetta tækifæri en líflegar umræður áttu sér stað.

NÝ FÉLÖG

Tvö félög fengu aðild að ÍBR á starfstímabilinu:

- Háskóladansinn
- Vængir Júpíters

SÉRRÁÐ-NEFNDIR

Á starfstímabilinu voru stofnuð Júdóráð Reykjavíkur og Keilunefnd ÍBR. Annars er að mestu leyti sama fólk með stjórnvölinn og umfang starfsins svipað. Starfandi sérgreinanefndir/sérráð innan ÍBR eru:

- Badmintonráð Reykjavíkur

- Borðtennisnefnd ÍBR
- Frjálsíþróttaráð Reykjavíkur
- Glímuráð Reykjavíkur
- Handknattleiksráð Reykjavíkur
- Júdóráð Reykjavíkur
- Karateneftnd ÍBR
- Keilunefnd ÍBR
- Knattspyrnuráð Reykjavíkur
- Körfuknattleiksráð Reykjavíkur
- Skíðaráð Reykjavíkur
- Sundráð Reykjavíkur
- Tennisneftnd ÍBR

STJÓRNIR, NEFNDIR OG FLEIRA

Endurskoðendur ÍBR

- Guðmundur Frímannsson
- Sigurður Hall

Til vara:

- Arnór Eggertsson
- Kristján Örn Ingibergsson

Rekstrarneftnd Skautahallar

- Ingvar Sverrisson
- Lilja Sigurðardóttir

Vallarstjórn Laugardalsvallar

- Jónas Sigurðsson

Stjórn Íslenskra Getrauna

- Lilja Sigurðardóttir
- Örn Andrésson til vara.

Áheyrnarfulltrúi í stjórn Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur

- Ingvar Sverrisson
- Frímenn A. Ferdinandsson til vara

Framkv.stjórn ÍSÍ

- Örn Andrésson

UMFÍ

Í samræmi við samþykkt síðasta þings ÍBR var enn á ný sótt um aðild að UMFÍ. Aðildarumsókn ÍBR var tekin fyrir á þingi UMFÍ haustið 2009 og var afgreidd með vísan til samþykktar þings UMFÍ tveimur árum fyrr þess efnis að ekki væru forsendur til að taka ÍBR inn fyrr en UMFÍ og ÍSÍ hefðu náð samkomulagi um heildarskipulag íþróttahreyfingarinnar og skiptingu lottóágóða. Í svari UMFÍ var sérstaklega tekið fram að viðræður hefðu átt sér stað við forystumenn ÍSÍ og að það væri mat forystumanna UMFÍ að ekki væri grundvöllur til að halda þeim viðræðum áfram. ÍSÍ hefur staðfest með bréfi að engar viðræður hafi átt sér stað milli þessara aðila um þetta mál.

STEFNUMÓTUN

Þing ÍBR 2009 samþykkti að farið yrði í stefnumótun fyrir íþróttahreyfinguna í

Reykjavík til 10 ára. Stjórn ÍBR tók þá ákvörðun að fresta þessari vinnu vegna skorts á fjármunum. Haustið 2010 fóru stjórn og starfsmenn í gegnum hálf dags stefnumótunarvinnu til að setja fókus á þau atriði sem helst skyldi unnið að á allra næstu árum. Nú hefur borgarráð Reykjavíkur samþykkt að fara í stefnumótunarvinnu til næstu 10 ára með íþróttahreyfingunni í Reykjavík líkt og gert var um síðustu aldamót.

UPPLÝSINGAR UM TRYGGINGAR

Í samvinnu við íþróttfulltrúa Víkings og Fylkis vann ÍBR að því að taka saman hvert hægt er að sækja endurgreiðslur vegna íþróttaslysa. Markmið með þeirri vinnu var að hafa tiltækar á einum stað upplýsingar fyrir iðkendur og/eða forráðamenn þeirra. Ýmsir sérfróðir aðilar lásu yfir efnið og þ.á.m. fulltrúar Menntamálaráðuneytisins og Sjúkratrygginga Íslands. Þessar upplýsingar verður hægt að nálgast á heimasíðum íþróttafélaga og á heimasíðu ÍBR.

SIÐAMÁL

Í nóvember 2009 skipaði stjórn ÍBR vinnuhóp sem fjallað hefur um siðamál. Markmið vinnuhópsins var að útbúa verklagsreglur fyrir félögin varðandi það hvernig best er að taka á vandamálum sem upp geta komið í íþróttastarfinu.

Þegar málefni voru skoðuð nánar skýrðist enn frekar hversu mikilvægt er að vanda til verka og vinna með hagnunaaðilum og fagfólki við að móta viðeigandi verklagsreglur og viðbragðsáætlanir. Undanfarið hefur ÍSÍ einnig unnið að siðamálum og þótti skynsamlegast að að vera samstíga með

þeim í þessari þörfu vinnu. Einn liður í vinnunni hjá ÍBR var, í samstarfi við stærstu aðildarfélög ÍBR, að safna saman á einn stað á heimasíðu ÍBR upplýsingum um það efni sem félögin hafa unnið um þessi mál s.s. siðareglur, einelti, kynferðisleg áreitni, viðbragðsáætlanir, verklagsreglur o.fl. þessu tengt. Á heimasíðu bandalagsins er kominn vísir að gagnabanka sem vonandi getur komið að góðum notum í starfi félaganna en þó er vinnu hvergi nærri lokið við að ná utan um þetta verkefni.

FUNDIR MEÐ HVERFAFÉLÖGUM

Samkvæmt þjónustusamningum borgarinnar við aðildarfélög ÍBR þá er mælt til þess að fulltrúar helstu þjónustaðila sem vinna innan hvers hverfis komi saman og fundi a.m.k. tvisvar ári en þessir aðilar eru þjónustumiðstöð, frístundamiðstöð, íþróttafélag og svo fulltrúi frá ÍBR sem stýrir og boðar til þessarar fundu. Þessir fundir hafa gengið vel fyrir sig og eftt að mörgu leyti samstarfið á milli þessara ólíku þjónustuaðila.

FUNDIR VEGNA SAMRÁÐSMÁLA

Starfshóparnir „Ódýrari frístundir“ og „Samstarf ÍTR og ÍBR með hagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi“ hafa að undanfögnu fundað stíft og unnið að tillögum til úrbóta á skipulagi tómsundamála í Reykjavík. Fulltrúar ÍBR og félaganna hafa setið þessa fundi. Markmið beggja hópanna er að reyna að halda hlutfalli þeirra sem stunda hvers kyns skipulagðar tómsundir sem hæstu og ná til þeirra sem ekki af

einhverjum ástæðum geta nýtt sér hin almennu tilboð.

Að áliti nefndanna þá þarf að huga enn betur að samstarfi í hverfum borgarinnar en stefnt er að því að boða til hverfafunda með vorinu. Einnig á að skora á þá sem hafa yfirumsjón með íþróttamannvirkjunum að vinna enn betur saman og forðast það í lengstu lög að það sé ekki upp á fáa einstaklinga komið hvort hægt sé að nýta mannvirkin á sem bestan hátt. Í vinnu beggja starfshópanna hefur einnig komið fram að það vanti tilfinnanlega miðlægan gagnvirkan grunn, eins konar upplýsingavef, ekki ósvipaðan Mentor eða Innu sem framhalds- og grunnskólar hafa tekið upp. Ávinningur af gagnvirku kerfi er mjög mikill og myndi gjörbreyta möguleikum varðandi nýtingu mannafla, húsnæðis og ekki síst fjármagns auk þess að efla upplýsingamiðlun til almennings og annarra hagsmunaaðila.

AÐILDARFÉLÖG ÍBR Í APRÍL 2011 OG IÐKENDAFJÖLDI ÞEIRRA FYRIR ÁRIÐ 2010:

Félag	Alls
Aikikai Reykjavík	99
Bandýmannafélagið Viktor	8
Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur	56
Borðtennisklúbburinn Örninn	0
Dansfélagið Ragnar	374
Dansfélag Reykjavíkur	1051
Dansíþróttafélagið ÝR	392
Fallhlífaklúbbur Reykjavíkur	0
Fisfélag Reykjavíkur	122
Glímufélagið Ármann	1746
Golfklúbbur Reykjavíkur	3059
Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur	145

ÁRSSKÝRSLA ÍBR 2011

Háskóladansinn	0	Róðrafélagið Stafninn	0
Hestamannafélagið Fákur	1890	Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey	169
Hjólreiðafélag Reykjavíkur	271	Skautafélagið Björninn	660
Hnefaleikafélagið Æsir	37	Skautafélag Reykjavíkur	511
Hnefaleikafélag Reykjavíkur	399	Skíðagöngufélagið Ullur	34
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík	322	Skotfélag Reykjavíkur	1002
Íþróttafélag heyrnalausra	17	Skotíþróttafélagið Baldur	0
Íþróttafélagið Carl	21	Skvassfélag Reykjavíkur	825
Íþróttafélagið Drekin	134	Skylmingafélag Reykjavíkur	897
Íþróttafélagið Fylkir	1198	Sundfélagið Ægir	185
Íþróttafélagið Leiftri	21	Sundknattleiksfélag Reykjavíkur	16
Íþróttafélagið Leiknir	239	Svifflugfélag Íslands - Reykjavík	57
Íþróttafélagið Léttir	13	Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur	3617
Íþróttafélagið Styrmir	40	TTK Akstursíþróttafélag	16
Íþróttafélagið Ösp	174	Ungmennafélagið Fjölur	2515
Íþróttafélag kvenna	15	Ungmennafélagið R36	23
Íþróttafélag Reykjavíkur	2823	Ungmennafélag Kjalnesinga	67
Íþróttafélag stúdenta	385	Ungtemplarafélagið Hrönn	30
Jiu jitsu félag Reykjavíkur	124	Vélhólaíþróttaklúbburinn	1011
Júðófélag Reykjavíkur	348		
Karatefélagið Þórshamar	236		
Karatefélag Reykjavíkur	103		
Kayakklúbburinn	499		
Keilufélag Reykjavíkur	79		
Kf. Breiðholt	20		
Kkf. Þórir	10		
Klifurfélag Reykjavíkur	327		
Knattspyrnufélagið Afríkuliðið	38		
Knattspyrnufélagið Árvakur	21		
Knattspyrnufélagið Berserkir	30		
Knattspyrnufélagið Elliði	0		
Knattspyrnufélagið Fram	2119		
Knattspyrnufélagið Valur	901		
Knattspyrnufélagið Víkingur	2192		
Knattspyrnufélagið Þróttur	886		
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	1619		
Knattspyrnufélag Vesturbæjar	56		
Kylfan Krikketklúbbur Reykjavíkur	40		
Markaregn	19		